# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

## MEÐF1FA05

| | |
|---|---|
| **Kennari** | Heiðrún Rut Unnarsdóttir, heidrun.unnarsdottir@fss.is |
| **Viðtalstími** | Senda tölvupóst |
| **Námsefni** | Moodle fyrirlestrar og Neale´s Disorders of the Foot |
| **Áfangalýsing** | Áfanginn er verklegur. Farið er í vinnuvistfræði í starfsumhverfi fótaaðgerðafræðinga og mikilvægi réttrar líkamsbeitingar. Nemendur læra um meðferðarstól, fótabað, fótaskoðun og annað sem felur í sér að taka á móti skjólstæðingi. Þeir kynnast helstu verkfærum og tækjum sem notuð eru á húð og neglur. Nemendur læra rétta beitingu á tækjum og skurðáhöldum. Þeir læra einnig að klippa neglur rétt og að greina sundur sigg, líkþorn og vörtur. Kennd er sótthreinsun og dauðhreinsun með vökvum, hita og gufu. Áhersla er lögð á grundvallaratriði tengd hreinlæti á fótaaðgerðastofum og meðferð tækja. Smithætta útskýrð og hvernig best er að koma í veg fyrir smit. |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Nemandi skal ná að lágmarki 5 fyrir öll verkefni og 5 í lokaeinkun til að standast áfanga. Ef nemanda nær ekki 5 er möguleiki á endurtekt í samráði við kennara. En einkun er þó aldrei meiri en 5 fyrir þau skil.<br>**Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐ |

| Heiti | Vægi |
|---|---|
| Myndbandsverkefni 1 | 15% |
| Myndbandsverkefni 2 | 15 % |
| Verkefni 1 | 15 % |
| Verkefni 2 | 15% |
| Krossapróf | 10% |
| Lotudagar | 30% |
| Samtals : | 100% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Símar skulu vera geymdir í skápnum inní stofu. Gott er að hafa vatnsbrúsa með. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Mælt er með að vera búin að lesa yfir glærur og fyrirlestra fyrir lotudag. Lotudagur er 21. Okt og 16.nóv – nánari upplýsingar koma þegar nær dregur. Skyldumæting er á lotudaga |

| | |
|---|---|
| **Grunnþættir menntunar** | **Læsi:** Nemendur efla fag- og heilsulæsi með því að tileinka sér hugtök og þekkingu sem tengjast fótameðferð, húð, nöglum, hreinlæti og smitvörnum. Þeir þjálfast í að nýta faglegar upplýsingar við verklega vinnu og miðla þekkingu sinni, meðal annars í verkefnum og leiðbeiningarmyndböndum.<br><br>**Sjálfbærni:** Nemendur læra ábyrga meðferð og umhirðu tækja og áhalda ásamt mikilvægi hreinlætis og réttra vinnubragða. Með vandaðri umgengni og réttri meðferð búnaðar er stuðlað að ábyrgri nýtingu hans.<br><br>**Heilbrigði og velferð:** Heilbrigði og velferð er ríkur þáttur í áfanganum. Nemendur læra um rétta líkamsbeitingu, hreinlæti, smitvarnir, sótthreinsun og dauðhreinsun. Þeir þjálfast jafnframt í öruggri og faglegri fótameðferð og að taka á móti skjólstæðingi.<br><br>**Lýðræði og mannréttindi:** Í samskiptum við skjólstæðinga þjálfast nemendur í fagmennsku, ábyrgð og virðingu fyrir einstaklingnum. Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð og að komið sé fram við skjólstæðinga af virðingu.<br><br>**Jafnrétti:** Nemendur læra að veita skjólstæðingum faglega þjónustu og koma fram við einstaklinga af virðingu. Í náminu er jafnframt lögð áhersla á að allir nemendur fái tækifæri til að þróa og sýna bóklega og verklega hæfni sína.<br><br>**Sköpun:** Nemendur samþætta bóklega þekkingu og verklega færni við lausn raunhæfra viðfangsefna. Í verklegri þjálfun og myndbandsverkefnum fá þeir tækifæri til að sýna sjálfstæð vinnubrögð og miðla faglegri þekkingu á fjölbreyttan hátt. |

| Þekking | Leikni |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• Starfsumhverfi fótaaðgerðafræðinga.<br>• Helstu tækjum sem notuð eru á húð og neglur.<br>• Liðprófum og vöðvaprófum. | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• Grunnatriðum í fótameðferð; skoðun, verkfærum og sótthreinsun.<br>• Skoða húð og neglur á fótum.<br>• Beita rétt einföldum tækjum á húð og neglur. |

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina sundur sigg, líkþorn og vörtur.
- klippa neglur rétt.
- taka á móti skjólstæðingi.
- tileinka sér helstu smitvarnir og vinnubrögð við smitgát, s.s. handþvott og dauð- og sótthreinsun.

| Vinnuáætlun - Dæmi með lokaprófi | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 2 dagar x 7 klst. | 14 klst. |
| **Undirbúningur f. tíma** | 16 vikur x 3 klst. | 25 klst. |
| **Undirbúningur f. kaflapróf** | 2 x 4 klst. | 8 klst. |
| **Verkefni** | 46 klst. | 46 klst. |
| **Alls** | | **93 klst. = 5 ein** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>19.-21. ágúst | | |
| **2. vika**<br>24.-28. ágúst | Sótthreinsun og sýkingavarnir | |
| **3. vika**<br>31. ágúst-4. september | Sótthreinsun og sýkingavarnir | |
| **4. vika**<br>7.-11. september | Klíník – Starfsumhverfi fót | |
| **5. vika**<br>14.-18. september | Klíník – Vinna í klíník | |
| **6. vika**<br>21.-25. september | Klíník – Leiðbeiningarmyndbönd | |
| **7. vika**<br>28. september-2. október | | |
| **8. vika**<br>5.-9. október | Yfirferð fyrir lotudag | |
| **9. vika**<br>12.-16. október<br>*Námsmatsdagur 12. okt.*<br>*Miðannarmat 13. okt.* | Yfirferð fyrir lotudag | |
| **10. vika**<br>19.-23. október<br>*Vetrarleyfi 23. október* | Lotudagur 21.okt | |
| **11. vika**<br>26.-30. Október<br>*Vetrarleyfi 26. október* | Finna púls<br>Krossapróf | 30.október |
| **12. vika**<br>2.-6. nóvember | Verkefni 1 - villur | 1.nóvember |
| **13. vika**<br>9.-13. nóvember | Yfirferð fyrir lotudag | |
| **14. vika**<br>16.-20. nóvember | Lotudagur 16.nóv | |
| **15. vika**<br>23.-27. nóvember<br>*Dimissio 27. nóvember* | Myndbandsverkefni 1<br>Myndbandsverkefni 2 | 29.nóvember |
| **16. vika**<br>*30. nóvember-4. desember* | Verkefni 2 | 4. desember |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Heiðrún Rut Unnarsdóttir*